

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 1/97  
frá 30. janúar 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 76/96 frá 13. desember 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/28/EB frá 24. október 1995 varðandi  
brunaeiginleika efna sem eru notuð við innréttingar á ökutækjum í tilteknum flokkum<sup>(2)</sup>  
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45s (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB) í  
I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45t. 395 L 0028: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 24. október 1995 varðandi  
brunaeiginleika efna sem eru notuð við innréttingar á ökutækjum í tilteknum  
flokkum (Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 1).”.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/28/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner